

**Nd.**

**47. Frumvarp til laga**

**[27. mál]**

um veltuútsvör.

Flm.: Björn Ólafsson.

1. gr.

Bæjar- og sveitarfélög hafa rétt til að leggja veltuútsvör á þá gjaldendur, sem selja vörur eða þjónustu.

2. gr.

Veltuútsvör skulu vera misjöfn eftir tegund atvinnu. Velta gjaldanda telst sala hans á vörum eða þjónustu. Ekki má leggja nema einu sinni á sömu veltu.

3. gr.

Eftir tillögum Sambands íslenzkra sveitarfélaga ákveður ráðherra með reglugerð útsvarstölu hverrar starfsgreinar til fimm ára í senn. Hámark útsvars skal vera 3% af veltu.

4. gr.

Heimilt er gjaldanda veltuútsvars að taka tillit til þess í verðreikningum sínum, enda sé það fært sem sérstakur liður í bókhaldi hans og skal ekki teljast með tekjum gjaldanda við ákvörðun sveitarútsvars og tekjuskatts.

5. gr.

Gjaldendur veltuútsvara skulu senda skýrslu um veltu sína mánaðarlega til viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags, og greiðist útsvarið mánaðarlega til bæjar- eða sveitarsjóðs. Um veltuútsvör gilda ákvæði 33. gr. laga nr. 66/1945, um útsvör. Veltuútsvör og dráttarvexti má taka lögtaki.

6. gr.

Undanþegið veltuútsvari er þjónusta og vörur, sem undanþágu njóta frá sölu-skatti, samkvæmt 23. gr. laga nr. 100/1948.

7. gr.

Niðurföfnunarnefnd skal áætla útsvar af veltu þeirra fyrirtækja, sem enga skýrslu senda um veltu sína, sbr. 5. gr. Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun nefndarinnar um veltuútsvar, geta áfrýjað máli sínu til yfirséðanefnda og síðan til ríkisskattanefndar.

8. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1959.

Greinargerð.

Tvo síðustu áratugi hefur löggjafinn stöðugt bætt á bæjar- og sveitarfélögin nýjum gjöldum í félagslegum eignum án þess að sjá þeim fyrir nýjum tekjustofnum. Verða þau enn að mestu að sjá sér farborða með hinum gamla og einhæfa tekjustofni sínum, útsvörunum, sem enn eru lögð á „eftir eignum og ástæðum“. En þessi tekjustofn hefur sín takmörk, og fyrir fáum árum var svo komið, að hann var orðinn gersamlega ófullnægjandi, ef mæta átti þeim kröfum, sem nú eru gerðar um þjónustu bæjar- og sveitarfélaganna.

Til þess að geta haldið rekstri sínum gangandi og staðið undir hinni öru þróun í félagslegum eignum urðu bæjarfélögin að afla sér tekna umfram það, sem hægt var að ná með hinu venjulega sveitarútsvari. Var þá af bæjarfélögunum gripið til þess örþrifaráðs að leggja á nokkurn hluta gjaldendanna sérstakt útsvar á veltu og þjónustu án nokkurs tillits til tekna þeirra eða efnahags, í viðbót við venjulegt sveitarútsvar og lögboðna skatta til ríkisins. Á þennan hátt er á nokkurn hluta skattgreiðenda lagður þungur og ósanngjarn aukaskattur til sveitarsjóðs, sem nú tekur að mestu það, sem sveitarútsvar og ríkisskattar skilja eftir af nettóárstekjum gjaldendanna, en margir verða að greiða miklu meira en tekjunum nemur, og verður þá veltuútsvarið beinn skattur á eignir þeirra. Eru dæmi um, að á þennan hátt hafi verið lagt á gjaldendur svo að hundruðum þúsunda króna skipti umfram tekjur þeirra.

Þessi tekjuöflun er í senn óréttlát og hættuleg. Óréttlát er hún vegna þess, að hún lendir með miklum þunga á aðeins nokkurn hluta gjaldendanna, án tillits til tekna þeirra og efnahags. Þessi tekjuöflun er hættuleg vegna þess, að hún dregur til sín eignir og veltufé atvinnuveganna og stöðvar eðlilega og nauðsynlega þróun atvinnufyrirtækjanna, þessi tekjuöflun getur ekki verið til frambúðar. Hún getur að-

eins staðið takmarkaðan tíma, og því lengur sem henni er haldið áfram í því formi, sem hún er nú, því meira tjón mun af henni hljóta.

Þess vegna er nauðsynlegt að breyta nú þegar þessari tekjuöflun bæjarfélaganna í það horf, að þau geti til frambúðar haft veltuútsvar sem tekjustofn, án þess að gengið sé í berhöggi við gjaldþol skattgreiðendanna og allar viðteknar reglur um opinbera skattheimtu.

Með þessu frumvarpi er lagt til að lögfesta rétt bæjar- og sveitarfélaga til þess að leggja veltuútsvör á þá aðila, sem selja vörur eða þjónustu. En jafnframt eru þau takmörk sett, að þetta útsvar megi hæst vera 3% af veltu. Venjan hefur verið sú, að veltuútsvarið er misjafnt eftir tegund starfsgreinar, frá 0.6% til 5%. Gjaldendum er heimilað að taka tillit til veltuútsvarsins í verðreikningum sínum, og skulu þeir færa það sem sérstakan lið í rekstri sínum og gera viðkomandi bæjarfélagi mánaðarlega skil á útsvarinu. Með þessu móti verður veltuútsvarið gert að óbeinum skatti, enda er engin leið að innheimta það framvegis á annan hátt.

Alþingi getur ekki lengur dauðheyrzt við kröfum bæjar- og sveitarfélaga um nýjan, heilbrigðan tekjustofn til viðbótar sveitarútsvarinu. Með frumvarpi þessu er bent á leið fyrir bæjar- og sveitarfélögin til eðlilegrar tekjuöflunar, sem staðið getur til frambúðar.

Hins vegar er atvinnurekstrinum í landinu lífsnauðsyn, að hætt verði að innheimta veltuútsvör með þeim hætti, sem nú er, því að með sama áframhaldi má búast við, að fjöldi atvinnufyrirtækja verði gerður gjaldþrota á skömmum tíma.